

# Niðurlægður í Krónunni og krefst betra aðgengis að salerni

Karlmaður varð fyrir þeiri ömurlegu og niðurlægjandi lífsreynslu að kúka á sig eftir að starfsfólk Krónunnar meinaði honum notkun á salerni verslunarinnar. Maðurinn glímir við svæsinn meltingarfærasjúkdóm. Hann vill að stjórnvöld gefi út skírteini fyrir fólk í slíkri aðstöðu sem veiti því forgang á salerni.

**HEILBRIGDISMÁL** Karlmaður með sjúkdóminn sáráristilbólgu (e. colitis) kallar eftir því að stjórnvöld útbúi skírteini fyrir þá sem glíma við hann eða sambærilega kvilla. Skírteinið myndi veita sjúklingum forgang á salerni hvar sem beir eru staddir. Maðurinn lenti í því í vikunni að kúka á sig eftir að starfsfólk Krónunnar í Nótánum neitaði honum um aðgang að salerni í húsinu.

„Þetta var eins niðurlægjandi og það getur orðið. Þegar svona gerist verður maður alveg pínulítill,“ segir maðurinn við Fréttablaðið en í ljósi atvika málsins kaus hann að segja ekki frá atvikinu undir nafni.

Einkenni sáráristilbólgu og Crohn's sjúkdómsins eru um margt lík. Sjúkdómarnir eru langvinnir og herja yfirleitt á neðri hluta þarmanna og ristilsins. Einkennin eru tíðar og óvæntar salernisferðir. Oft valda bólgnar blæðingum og því vill vallgangurinn oft verða blandaður blöði. Í alvarlegustu tilfellunum skilar líkaminn nær eingöngu blöði af sér. Sjúkdómarnir eru ólæknandi en möguleiki getur verið að draga úr einkennum með breyttu mataraði.

„Sem stendur er ég meðhöndladr með sex tegundum lyfja sem halda þessu örliði í skefjum. Þegar ég var sem verstur var ég að fara á klósettið upp undir tuttugu sinnum á dag. Blóð og alls konar viðbjóður fylgdi þessu,“ segir maðurinn. Það sem hafi verkað best á hann sé hampolia en hún sé ólögleg hér á landi. Þau skipti sem hann hafi



Fréttablaðið hafði samband við framkvæmdastjóra Krónunnar en fékk ekki svör. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRSTEINN

 **Þetta var eins niðurlægjandi og það getur orðið. Þegar svona gerist verður maður alveg pínulítill.**

Karlmaður með sáráristilbólgu

reynt að útvega sér slíka hafi sendingarnar verið stöðvaðar af tolyfirvöldum.

Hann segir sögu sína ekki vera einsdæmi. Fleiri en hann hafi lent í því að verða brátt í brók á almannafærri eða í verslun. Í einhverjum tilfellum hafi umráðamenn salerna neitað fólkum um notkun þeirra og þá sé lítið við því að gera. Náttúran og sjúkdómurinn hafi sinn gang.

„Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem ég hef lent í sambærilegum aðstæðum. Niðurlægingin og reiðin er slík að maður kryppplast eiginlega. En hlutirnir lagast ekki nema þeir séu

ræddir svo það verður einhver að taka það á sig,“ segir maðurinn.

Að sögn mansins eru samtök þeirra sem sambærilega sjúkdóma hafa frekar mættlaus. Flestir starfi þar í sjálfboðavinnu.

„Í Bretlandi hefur sú leið verið farin að prenta út skírteini fyrir fólk í þessari aðstöðu. Skírteinið veitir því í raun forgang á salerni og biður umráðamann þeirra, til að mynda í verslunum, vinsamlegast um að hleypa viðkomandi á klósettið. Það ætti ekki að vera mikil mál að framkvæma slíkt hér á landi,“ segir maðurinn. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)